

# Stjórn má laskörungurinn Churchill

Bókarhöfundur: **Jón Þ. Þór, sagnfræðingur**

Bókarheiti: **Winston S. Churchill ævisaga**

Gagnrýnandi: **Pétur Berg Matthíasson, stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur**

Útgáfa: **Sögufélagið, Reykjavík, 2014, 256 bls.**

## Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Það felast mörg tækifæri í svona bókum og maður getur séð fyrir sér heilan bóka flokk í þessum stíl. Það er hins vegar ljóst að þekking höfundar og ástríða á viðfangsefninu skilar bók sem allir ættu að lesa sem einhvern áhuga hafa á sögu og stjórnmálum.“

Fyrir á þessu ári kom út bókinn Winston S. Churchill ævisaga eftir einn mesta Churchill sérfræðing þjóðarinnar Jón Þ. Þór sagnfræðing. Sem ævisaga um Churchill kann hún að teljast óhefðbundin í þeim skilningi að hún er ekki í nokkrum bindum og telur ekki hundruði blaðsíðna. Tilgangur bókarinnar er skýr, stutt ævisaga ætluð fróðleiksfúsum almenningi og skólafólki. Jóni tekst einstaklega vel upp með þessa bók. Hún er gott yfirlitsrit fyrir þá sem ekki hafa lesið neitt um Churchill en vilja kynna sér hann án þess þó að þurfa að liggja yfir nokkrum bindum. Bókinn er auðlesin og uppfull af áhuga verðum og skemmtilegum sögum úr lífi Churchill. Óhjákvæmilega er að finna minni umfjöllun um ákveðna þætti, s.s. æskuár Churchills auk þess sem sögur úr fjölskyldulífinu er látnar liggja milli hluta. Það er ákveðin samfella í bókinni þannig að við erum að fylgja Churchill í gegnum nokkur helstu tímabilin í stjórnmálalífi hans.

Bókinn kemur um margt á óvart fyrir þá sem lítið þekkja til Churchills. Hann fæðist árið 1874 inn í yfirstétt landsins, hann átti ameríska móður, svokallaða dollaraprinsessu, en faðir hans var lávarður. Hann eyddi almennt litlum tíma með foreldrum sínum en hændist mjög að fóstru sinni eins og líklega mörg önnur börn yfirstéttarfólks á þessum tíma. Churchill varð níðræður, sat á þingi í rúm 65 ár, var ráðherra í báðum heimsstyrjöldunum, vann marga sigra á sinni lífsleið en mátti einnig þola persónulega ósigra. Hann var tekin af sem flotamálaráðherra árið 1915 og m.a. kennt um afhroð Breta í orrustunni við Tyrki í Gallipólí. Einnig tapaði flokkur hans meirihlutunum í þingkosningunum 1945, þegar hann er forsætisráðherra, stuttu áður en seinni heimsstyrjöldinni



lauk. Hann nær hins vegar vopnum sínum aftur og verður forsætisráðherra 1951-55, kominn á áttræðisaldur.

Churchill var gríðarlega afkastamikill rithöfundur, skrifaði t.a.m. fjölda bóka um merkilega sögulega atburði sem hann hafði að hluta til upplifað sjálfur. Einnig skrifaði hann í blöð og hafði miklar tekjur af því. Churchill fékk nóbelsverðlaunin í bókmenntum, æðstu viðurkenningu sem nokkur rithöfundur getur fengið, árið 1953. Hann var greinilega mjög góður að selja sjálfan sig sem lýsir sér í ógnarháum upphæðum sem hann fékk fyrir skrif sín á þessum tíma. Skemmtileg er sagan af ferð hans í kringum 1900 til S-Afríku í Búastríðin: „Í farangri hans voru, auk fatnaðar, ritfanga og annars venjulegs útbúnaðar, átján flöskur af skosku viskú og tólf af súruldinsafa. Þar að auki var hann með birgðir af randvíni, hvítvíni, þúrtvíni og vermouth og eins og sönnum hástéttarmanni sæmdi hafði hann einkaþjón með sér á skipinu, mann sem áður hafði verið í þjónustu föður hans.“ Þetta hljómar ekki eins og hefðbundinn né heppilegur farangur fyrir stríðsfréttamann. Búastríðin eru merkileg fyrir margra hluta sakir en þátttaka Churchill í því stríði gerir hann þekktan heima fyrir. Hann er handsamaður í stríðinu en tekst að sleppa úr þrisundinni á ævintýranlegan hátt. Íslendingar fá fyrst fregnir af Churchill þegar Reykjavíkurblaðið Ísafold birtir langa grein um búastríðin í febrúar 1900. Þar er m.a. greint frá raunum hans í S-Afríku.

Önnur skemmtilega saga er af því þegar hann fer sem fréttaritari til Kúbu 1895. Á þessum tíma er hann í breska hernum og ákveður að nýta orlof sitt til að skrifa fréttir um stríð spænskra stjórnvalda við innfædda á Kúbu í staðinn fyrir að stunda refaveiðar heimafyrir. Í þessari ferð sinni kynnist hann m.a. kúbverskum vindlum sem áttu eftir að verða eitt helsta einkennismerki hans. Bókin er uppfyll af mörgum áhuguverðum sögum um manninn, eins og heimsókn hans til Íslands og myndlistaáhuga en jafnframt er mjög góð umfjöllun um stóru málin eins og þátttöku hans í heimsstyrjöldunum tveimur. Bókin lýsir gömlum heimsvaldasinna sem að mörgu leyti gekk ekki í takt við tímann, s.s. eins og réttindamálum kvenna, þegar hans stærsta stund kemur.

Það felast mörg tækifæri í svona bókum og maður getur séð fyrir sér heilan bókaflökk í þessum stíl. Það er hins vegar ljóst að þekking höfundar og ástríða á viðfangsefninu skilar bók sem allir ættu að lesa sem einhvern áhuga hafa á sögu og stjórnmálum.